


MINNISVARÐI AÐ BREIÐA BÓLSTAÐ Í VESTURHÓPI



Pólitík og vefnaður

A laugardag var opnuð sýning á vefjarlist átta norræna listakvanna í kjallara Norræna hússins. Fjórar íslenskar listakonur taka þátt í sýningunni Asgerður Búadóttir, Vigdís Kristjánsdóttir, Barbara Arnason og Hildur Hákonardóttir og er myndin hér með af öðru verkinu, sem hún sýnir Erioka-Erotika. Hildur sýnir einnig annað teppi, sem hún nefnir „Vinnuafli til vara“ og sýnir m.a. íslenskar konur, sem vinna í fiski.

Tímamynd Róbert

AÐSTOÐ ÍSLANDS VIÐ ÞRÓUNARLÖNDIN.

Lausar stöður við norrænu land- búnaðarstofnunina í Tanzaníu

Finnska utanríkisráðuneytið hefir óskað eftir því að auglýstar verði til umsóknar hér á landi svo sem á öðrum Norðurlöndum 17 stöður við norrænu landbúnaðarstofnunina í Mbeya í Tanzaníu.

Stöður þessar eru:

Ein staða yfirmanns, er umsjón hafi með kennslu á vegum stofnunarinnar, 8 kennarastöður við bóklegt og verklegt nám, 4 stöður við rannsóknarstofnun og 4 stöður við tilraunastörf og þjálfun í þeim. Háskólapróf í búvisindum eða landbúnaðarhagfræði er yfirleitt skilyrði fyrir því að ráðning komi til greina, auk þess sem krafist er nokkurrar starfsreynslu. Umsækjendur þurfa einnig að vera mjög vel færir í ensku.

Launakjör miðast við ráðningarkjör sérfræðinga hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir sem stöðurnar hljóta njóta skattfrelsis, ókeypis húsnæðis fyrir sig og fjölskyldur sínar, auk ýmissa annarra friðinda. Ráðningartími er tvö ár frá komandi hausti. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar verða veittar á Skrifstofu Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin, Lindargötu 46 (herbergi nr. 12), Rvk., en skrifstofan er opin á mánudögum og miðvikudögum kl. 4-6 e.h. Tekið verður á móti umsóknum til og með 24. júní n.k.

Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

NÚ A 1100 ÁRA afmæli Íslandsbyggðar hefur Lögmannafélag Íslands ákveðið að reisa minnisvarða að Breiðabólstað í Vesturhópi í Húnavatnssýslu með áletrun, er minni á að landslög voru fyrst skrásett á Breiðabólstað veturinn 1117-1118 „at Hafliða Mássonar“.

Mál þetta hefur verið í undirbúningi í vetur, og var endanleg ákvörðun tekin á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 30. marz s.l., og var stjórn félagsins falið að sjá um framkvæmdir. Steiniðja S. Helgasonar h.f. hefur tekið að sér að gera og reisa varðann, sem afhjúpa á laugardaginn 20. júlí n.k.

Stjórn félagsins hefur nýlega farið norður að Breiðabólstað og valið varðanum stað með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ábúanda, en Breiðabólstaður er kirkjujörð.

Stjórn L.N.F.I. skipa nú eftir síðasta aðalfund hæstaréttarlögmennirnir: Páll S. Pálsson formaður, Sveinn H. Valdimarsson varaformaður, Skúli Pálsson ritari, Guðjón Steingrímsson gjaldkeri og Ragnar Aðalsteinsson meðstjórnandi.

Happdrætti Slysavarna- félags Íslands

Dregið hefur verið í Happdrætti Slysavarnafélags Íslands og hlutu eftirtalin númer vinninga:

Austin Mini 1000 Special DeLuxe:

33293.

Zodiac Mark III Slöngubátur 15 f m/20 hö utanborðsvél og 6 bjargvesti:

3934.

Johnson vélsleði:

35315.

Flugferðir fyrir tvo — Reykjavík — Færeyjar — Reykjavík: 9890, 44615, 7472, 9812, 35746, 41208, 22960.

Flugferðir fyrir tvo — Reykjavík — Narsasauk — Reykjavík: 24207, 29913, 35236, 32565, 6697, 604, 45076.

Flugferðir fyrir tvo innanlands, frjálst val:

38487, 15939.

Útigrill:

18905, 23332, 21658, 24156, 49724.

Ljósastari og þokuljós á bíl:

21180.

Vinninganna sé vitjað á skrifstofu Slysavarnafélags Íslands á Grandagarði.

Slysavarnafélag Íslands þakkar vinsamlegar undirtektir við happdrættið og árnar landsmönnum öllum góðs sumars.

Þá hefur verið dregið í Skipahappdrætti SVFÍ frá s.l. vetri og hlutu eftirtalin skip vinninga.

ÓF-30 6 manna „Viking“ gúmmibjörgunarbátur.

HU-14 8 manna „Viking“ gúmmibjörgunarbátur.

SF-111 12 manna „Viking“ gúmmibjörgunarbátur.

IS-301 „Zodiac Mark III“ slöngubátur 15 f m/20 hö utanborðsvél og 6 bjargvestum.

Þeirra vinninga hefur þegar verið vitjað.

(Fréttatilkynning frá SVFÍ).

Lauf hefur sortnað

JK—Egilsstöðum. — Nokkur brögð eru að því, að lauf á trjágróðri hafi sortnað, og veldur því snarpt frost, er kom á kosninganóttina.

Einkum hefur víðja, sem notuð er í limgerði, farið illa í þessu næturfrosti. Á birki hefur þetta frost ekki bitið, svo að teljandi sé.

LUNDI DESIGN



Teg. 952 í denimbláu rúskinni.
No. 35—39 kr. 2.330.-
No. 40—46 kr. 2.485.-



Teg. 951 í millibrúnu leðri.
No. 32—34 kr. 1.995.-
No. 35—39 kr. 2.330.-
No. 40—46 kr. 2.485.-



Teg. 927 í bláu rúskinni og leðri,
í brúnu rúskinni tvílitu.
No. 35—39 kr. 2.330.-
No. 40—46 kr. 2.485.-

© GEFJUN-AUSTURSTRÆTI

Sjúkraliðanám á Landspítalanum

Nýtt eins árs námstímabil hefst í sjúkraliðaskóla Landspítalans þ. 15. október n.k. Umsækjendur um námspláss skulu hafa lokið prófi skyldunámsstígs og vera fullra 18 ára.

Upplýsingar verða gefnar og umsóknareyðublöð afhent á skrifstofu forstöðukonu kl. 12-13 og kl. 15-16 til 22. þm. Umsóknir skulu hafa borist til forstöðukonu Landspítalans fyrir 1. júlí 1974.

Reykjavík 7. júní 1974.
Skrifstofa rikisspítalanna.

AUGLÝSID Í TÍMANUM